

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Fjarðabyggð, sbr. 2. gr. b-staflið samþykktar nr. 252/2000 skal vera 7.700 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. september, en eindagi er 30. september ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Fjarðabyggð, sbr. 2. gr. b-staflið samþykktar nr. 246/2000 skal vera 2.530 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. september, en eindagi er 30. september ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3. gr.

Við afskáningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

4. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 6. grein samþykktar nr. 252/2000 um hundahald í Fjarðabyggð, skal vera 3.960 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 7.700 kr. ef til handsömunar kemur aftur. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

5. gr.

Samanber 2. gr., staflið p. í samþykkt um hundahald nr. 252/2000 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við hreinsun. Jafnframt er heimilt að veita afslátt frá gjaldskrá þeim eigendum hunda sem þjálfa þá sem björgunar- eða leitarhunda.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 10. janúar 2002 með vísun til heimilda í samþykktum um hunda- og kattahald í Fjarðabyggð, nr. 252/2000 og 246/2000 frá 6. apríl 2000 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 10. janúar 2002.

Fjarðabyggð, 11. janúar 2002.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.